

127. löggjafarþing 2001–2002.
Þskj. 1121 — 702. mál.

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um þátttöku opinberra stofnana í velvildarstarfi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvaða reglur gilda um fjárhagslega þátttöku opinberra og hálfopinberra fyrirtækja og stofnana í velvildarstarfi hvers konar, t.d.:

- a. fjárstuðning við góðgerðarstarfsemi og menningar- og listastarf,
- b. sameiginlega fjármögnun opinberra aðila á menningarverkefnum,
- c. beina fjárhagslega þátttöku í starfi annarra opinberra og hálfopinberra stofnana og fyrirtækja?

Skriflegt svar óskast.